

Reglur leikskóla Seyðisfjarðarkaupstaðar

Seyðisfjarðarkaupstaður rekur leikskólann Sólvelli fyrir börn á aldrinum tólf mánaða til sex ára.

Leikskólinn Sólvellir starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsemi leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla. Námskránni er ætlað að vísa ólíkum hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í íslensku skólakerfi og annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri.

Umsókn og innritun

Sækja má um leikskóla frá fæðingu barns, eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Sækja skal um á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á vefsíðu skólans.

Skilyrði fyrir inngöngu í leikskóla er að barn eigi lögheimili á Seyðisfirði. Hægt er að sækja um, þótt lögheimili sé annars staðar. Úthlutunin er einnig háð því skilyrði að foreldri sé ekki í vanskilum með leikskólagjöld.

Víkja má frá meginreglum um inngöngu nemenda í leikskóla ef sérstakar aðstæður krefjast þess. Um undanþágur þarf að sækja til fræðslunefndar.

Börn eru innrituð í leikskóla eftir aldri þannig að eldri börn ganga fyrir þeim yngri. Úthlutun á leikskólavistun er árið um kring eftir því sem pláss leyfir. Foreldrar eru þó hvattir til að sækja um leikskólavistun fyrir 1.maí ár hvert þar sem vetrarskipulag næsta árs er gert í samræmi við umsóknir sem hafa borist á þeim tíma.

Þegar barn hefur fengið inngöngu í leikskóla hefur leikskólastjóri samband við foreldra til að ákveða hvenær leikskólagangan hefst.

Vakin skal athygli á því að við innritun barns í leikskóla getur þurft að taka tillit til þess aldursviðmiðs og tíma sem er laus í leikskólum hverju sinni.

Stefna kaupstaðarins er að öll börn með lögheimili á Seyðisfirði eigi, frá tólf mánaða aldri til grunnskólaaldurs, kost á dvöl á leikskóla hans.

Forgang í leikskóla eiga:

- Börn einstæðra foreldra
- Börn í elsta árgangi leikskóla

Börn geta fengið forgang samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra, vegna sérþarfa eða félagslegra erfiðleika. Beiðni um forgang þarf að fylgja bréf frá barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar, félagsráðgjafa, lækni eða öðrum eftir því sem við á og leikskólastjóri óskar eftir. Ef foreldri/forráðamaður hefur athugasemdir við niðurstöðu leikskólastjóra má vísa erindinu til fræðslunefndar.

Leikskólagjöld

Seyðisfjarðarkaupstaður greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna á Sólvöllum. Foreldrar greiða leikskólagjöld samkvæmt gjaldskrá kaupstaðarins og því sem dvalarsamningur þeirra kveður á um. Einnig greiða foreldrar fyrir fæði barna sinna samkvæmt gjaldskrá kaupstaðarins.

Leikskólagjöld skulu greidd fyrirfram, eigi síðar en 10. hvers mánaðar. Innheimt er sérstakt gjald ef foreldrar virða ekki umsaminn leikskólatíma.

Leikskólagjald, fæðisgjald og systkinaafláttur á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá sem birt er á heimasíðu sveitarfélagsins.

Leikskólinn er lokaður í 4 vikur vegna sumarleyfa. Ákvörðun um sumarleyfi er tilkynnt fyrir 1.febrúar ár hvert. Leikskólagjöld skulu greidd í 11 mánuði á ári.

Hægt er að sækja um lengra gjaldfrítt sumarleyfi fyrir eða í beinu framhaldi af sumarlokun leikskóla. Umsóknin skal berast leikskólastjóra samkvæmt auglýsingu þar um. Hægt er að fá fæðiskostnað felldan niður ef nemandi er fjarverandi 10 skóladaga samfelld eða lengur. Það skal tilkynnt leikskólastjóra með minnst mánaðar fyrirvara.

Ef barn er fjarverandi vegna veikinda í þrjár vikur samfelld eða lengur fellur niður allt að helmingur leikskólagjalds eða meira gegn læknisvottorði.

Gjaldskráin er tvískipt:

Almennt gjald fyrir hjón og sambúðarfólk.

Forgangsgjald fyrir einstæða foreldra.

Sækja þarf um að greiða forgangsgjald á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjóra eða á vef leikskólans. Til að greiða forgangsgjald þarf foreldri/forráðamaður að vera skráður einstæður í þjóðskrá.

Leikskólasamningur

Í upphaf leikskólagöngu skal leikskólinn gera skriflegan samning við foreldra. Þar skal kveðið á um dvalartíma, fæðis kaup og fleira. Leikskólasamningur tekur mið af reglum þessum.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskólasamningi er einn mánuður. Segja skal upp leikskólasamningi á eyðublöðum sem fást hjá leikskólustjóra eða á heimasíðu leikskólans. Leikskólustjóra er heimilt að krefjast mánaðar greiðslu á leikskólagjöldum frá uppsagnardegi hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt.

Oski foreldrar eftir breytingum á leikskólasamningi eða fæðis kaupum sækja þeir um á þar til gerðu eyðublaði.

Starfstími og skipulagsdagar

Leikskólinn starfar virka daga frá 7:45 til 16:15. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgdag.

Skipulags- og námskeiðsdagar leikskólanna eru 5 á ári og er leikskólinn þá lokaður. Framkvæmd skipulagsdaga er í höndum leikskólustjóra. Skipulagsdagar eru skráðir á skólalagatal og auglýstir með a.m.k. mánaðar fyrirvara.